Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 399/1995. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
M
(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. nóvember sl., þar sem varnaraðila er enn bönnuð brottför úr landi allt til dómsuppsögu í máli ákæruvaldsins gegn honum, þó eigi lengur en til sunnudagsins 31. desember 1995 kl. 22.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Hæstaréttar 6. nóvember 1995 í málinu nr. 361/1995 var staðfest ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur um framlengingu farbanns varnaraðila, „en þó ekki lengur en til föstudagsins 1. desember 1995 kl. 22.00". Var fallist á kröfu sóknaraðila með þeim orðum, að tryggja yrði nærveru varnaraðila, svo að kostur gæfist á að reka málið fyrir dómi, enda yrði ekki annað séð en að sá tími, sem þá var tiltekinn, nægði til að ljúka málinu fyrir héraðsdómi.

Hinn 30. nóvember var lögð fram í héraðsdómi krafa um framlengingu á farbanni yfir varnaraðila. Þar er því lýst, að aðalmeðferð málsins hafi hafist 21. nóvember og skýrslutökur þá farið fram fyrir dómi, en framhaldi aðalmeðferðar verið frestað, á meðan beðið væri DNA-rannsóknar á sýnum, sem tekin voru, en óskað hafi verið eftir, að niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fram. Rannsóknin hafi þó tekið lengri tíma en búist var við í upphafi, en hennar megi vænta fyrri hluta desembermánaðar. Samkvæmt bráðabirgða-

niðurstöðum hennar þykja 96% líkur fyrir því, að sæði, sem þar er til rannsóknar, stafi frá varnaraðila.

Í 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, segir, að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Farbann er frelsissvipting, sem vegna ákvæða 67. gr. má ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Varnaraðili hefur sætt farbanni óslitið frá 18. október 1995. Sóknaraðili virðist hafa beðið um ofangreinda DNA-rannsókn til þess að staðreyna atvik, sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi neitað í málinu, og bráðabirgðaniðurstöður liggja nú fyrir um. Biðin eftir niðurstöðum rannsóknarinnar er þegar orðin úr hófi. Þar sem framlagning hennar er talin nauðsynleg af héraðsdómi, er fallist á, að enn beri að tryggja nærveru varnaraðila, til að reynt verði, hvort takast muni að afla hennar, áður en dómur gengur í málinu. Verður farbanninu þó ekki markaður lengri tími í þessu skyni en til föstudagsins 22. desember 1995 kl. 12.00.

Dómsorð:

Varnaraðila, M, er bönnuð brottför úr landi allt til dómsuppsögu í máli ákæruvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur en til föstudagsins 22. desember 1995 kl. 12.00.